

## LÖG

### um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020 (EES-reglur o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á undan orðunum „þar til atvinnuleit“ í b-lið 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: frá því að atvinnuleit var hætt og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
  1. Í stað tilvísunarinnar „4. og 5. mgr.“ í 1. másl. kemur: 5. og 6. mgr.
  2. Við bætist: sbr. þó 4. mgr.
- b. Í stað tilvísunarinnar „1., 3. og 5. mgr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 1., 3., 4., 5. og 6. mgr.
- c. Í stað tilvísunarinnar „1., 2., 4. og 5. mgr.“ í 4. másl. 3. mgr. kemur: 1., 2., 4., 5. og 6. mgr.
- d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en fjóra mánuði á viðmiðunartímabili tekna skv. 1., 2. eða 3. mgr. en hefur starfað að hluta eða að öllu leyti í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á fyrrnefndu viðmiðunartímabili skal miða útreikning á meðaltali heildarlauna við þá almanaksmánuði sem foreldrið hefur starfað á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingarmánuð barns eða þann almanaksmánuð sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Í slíkum tilvikum skal foreldri láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru aðildarríki að framangreindum samningum fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 20. gr. Að öðru leyti gilda 1., 2., 3., 5. og 6. mgr. eins og við á.
- e. Í stað tilvísunarinnar „1.–3. mgr.“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „1.–3. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 1.–4. mgr.
- b. Á eftir tilvísuninni „1.–3. mgr. 23. gr.“ í 2. mgr. kemur: sbr. þó 4. mgr. 23. gr.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1.–3. mgr.“ í 2., 3., 7., 8. og 10. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: 1.–4. mgr.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „5. mgr.“ í 1. mgr. 41. gr. laganna kemur: 6. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2025 og eiga við um foreldra sem rétt eiga til greiðslna samkvæmt lögum þessum.

*Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2025.*

**Halla Tómasdóttir.**  
(L. S.)

Inga Sæland.